

**Sp. 53. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]**  
um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga, Skal, svo sem henta þykir, höfð hliðsjón af löggjöf um þetta efni, sem nú er unnið að á hinum Norðurlöndunum.

**Greinargerð.**

Um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga eru ýmis ákvæði í sérlögum, en um veigamikil atriði í þessu efni hefur verið stuðzt við hinar almennu reglur skaðabótaréttarins og dómvenjur. Með vaxandi afskiptum almannaavaldsins af högum borgaranna hefur þörfin á heilsteyptri löggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga orðið brýnni. Er það því skoðun flutningsmanns tillögu þessarar, að mjög sé tímabært að hefjast nú handa um undirbúning slíkrar löggjafar.

Á hinum Norðurlöndunum er líkt ástatt á þessu sviði og hjá okkur. Er einmitt nú unnið að löggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og innan Norðurlandaráðsins hefur málið verið til meðferðar í laganefndinni. Þótt enn sé ekki full niðurstaða fengin um ýmis veigamikil atriði í væntanlegri löggjöf, hafa þó allir verið í senn sammála um nauðsyn löggjafarinnar og að hún verði á öllum Norðurlöndunum byggð á sömu grundvallarreglum.

Fyrst og fremst þarf í löggjöf þessari að setja ákvæði um rétt borgaranna til bóta frá ríki eða sveitarfélagi fyrir tjón, sem starfsmenn hins opinbera valda vegna mistaka eða vanrækslu. Ýmis önnur atriði koma einnig til álita, svo sem að hvaða marki á að veita bætur, ef menn verði fyrir tjóni vegna breytinga á ákvörðunum stjórnvalda, sem löglega eru teknar.

Sjálfsgagt sýnist vera að samræma svo sem verða má íslenska löggjöf um þetta efni löggjöf hinna Norðurlandanna. Er vafalaust engum annmörkum bundið að fá afnot af frumvörpum, greinargerðum og öðrum gögnum, sem þar eru þegar fyrir hendi í sambandi við undirbúning löggjafar um málið.